

1870.

4. júlí.

samkvæmt bréfi innanríkisstjórnarinnar 15. desbr. 1852, voru reist verzlunarhús, og verzlæð —, sækir um leyfi til að halda áfram þeirri verzlun, sem hann hefir hafið þar samkvæmt borgarabréfi, er sýslumaðurinn hefir veitt honum, og hafið þér jafnframt mælt með, að leyfi þetta fengist.

Útaf þessu verður yður hërmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt því til mótmælis, að beiðandinn haldi áfram þeirri verzlun, sem hann hefir hafið á Geirseyri, meðan hann rekur þá verzlun sjálfur.

6. júlí.

60. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skipting á árgjöldum og leigum af vaxtarsjóði milli uppgjafapresta og prestsekkna.

Eptir að þér, háæruverðugi herra, höfðuð veitt sýnóðus-fundi, sem haldinn var í Reykjavík í fyrra, og prestunum í Hóla biskupsdæmi hinu forna, færi á, að segja álit sitt um þá skoðun, er stjórnarráðið hafði látið í ljósi í bréfi sínu 31. maí þ. á.,¹ á þá leið, að samkvæmt þeim skilningi á 7. grein tilskipunar 15. desember 1865, sem hæðan af á að fara eptir, væri rættast, að taka þann sjóð, sem safnað hafði verið af árgjöldum frá braudunum í fyrnefndu Hóla biskupsdæmi, og var orðinn 687 rd. 59 sk. við árslokin eða 31. desembrm. 1868, og steypa honum saman við annan sjóð úr Skálholts biskupsdæmi, sem er 267 rd. 19 sk. og stendur á vöxtum, en þessum vöxtum er á ári hverju útbýtt á sýnóðus-fundi meðal fátækra uppgjafapresta í Skálholts biskupsdæmi hinu forna; síðan skyldi vöxtum beggja sjóðanna verða útbýtt árlega á sýnóðus-fundi eptir hinum sömu reglum og árgjöldunum er skipt, smbr. niðurlag 7. greinar tilskipunarinnar, meðal allra fátækra uppgjafapresta og prestsekkna á Íslandi, án tillits til þess hvar þeir eða þær eiga heima; hafið þér í bréfi, dagsettu 21. marzm. þ. á., skýrt frá, að sýnóðus-fundur hafi samþykkt þessa skoðun, en allir pró-

Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II.; 635.

fastar í Hóla stípti hinu forna mótmælt því, að sjóðunum verði steypt saman, er þeir sèr í lagi hafa farið fram á, að prestarnir í þessu stípti, sem eru færri og að mörgu leyti búa við lakari kjör, en prestastéttnin í Skálholts stípti hinu forna, eigi einir rétt til vaxtanna af sjóði, sem safnað hefir verið eingöngu af Hóla stípti.

Útaf þessu hafið þér, háæruverðugi herra, getið þess, að yður virðist ekki prestastéttnin í Hóla stípti hinu forna eiga nokkra réttarkröfu til þess, að fá einsamlir styrk af sjóðnum, þarð fyrst var farið að safna í hann löngu síðar, en stiptaskipunin forna var tekin af og bæði biskupsdæmin sameinuð í eitt; segið þér, að það megi verða skodað sem ósamkvæmni í hinn andlegu stjórn landsins; að safnað var í sjóð handa hinu fyrra Hóla stípti einungis; hafið þér því lagt það til, sem í sjálfu sèr réttast, að þessum tveimur sjóðum verði steypt saman í einn.

Þarð stjórnarráðið verður að fallast á álit yðar í þessu máli, eruð þér beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að hinum fyrnefndu tveimur sjóðum verði steypt saman í einn sjóð, og ef svo er, að þeir standa á vöxtum í járdabókarsjóðnum; þá heldur að kaupa fyrir þá ríkisskuldabréf með 4 af 100 í leigur; síðan skal skipta vöxtunum af allri upphæðinni í tvo hluti, og skal annar helmingurinn ætlaður uppgjafaprestunum, en hinn annar prestsekkjunum, eptir því sem sýnódus tiltekur, án tillits til þess, hvar þeir eða þær eiga heima.

61. Anglýsing um endurskodað brauðamat á Íslandi.

(á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 6. dag þ. m. allramildilegast að staðfesta hið endurskodaða brauðamat á Íslandi, er hér er prentað á eptir, og samið hefir verið árið 1868 samkvæmt tilskipun 15. desember 1865 1. grein, þannig að teð brauðamat öðlist gildi 1. októberm. næstkomandi,

1870.

6. júlí.

8. júlí.